

## 2.fundur FFGÍR starfsárið 2009-2010

Akurskóli, 22.október 2009.

Fundur settur kl. 17.15. Mættar voru: Ingigerður verkefnastjóri, Kristbjörg Holtaskóla, Soffía Holtaskóla, Lilja Njarðvíkurskóla, Rut Myllubakkaskóla, Linda, Myllubakkaskóla og Jóna Guðrún Holtaskóla. Kristjana boðaði forföll.

Dagskrá fundarins:

1. Fundarröð FFGÍR 2009-2010, verkefnastjóra falið að fá fjóra fyrirlesara til að halda erindi fyrir foreldra í nóvember, janúar, mars og maí. Ásdís Olsen, Við erum kynverur frá vöggum til grafar, Marta Eiríksdóttir, Gaman saman, Skúli Freyr Brynjólfsson, Foreldrar og heimanám og Þórkátla Aðalsteinsdóttir, Sjálfstyrking foreldra.
2. Verkefnastjóra falið að senda umferðarkönnun til skólastjórnenda. Rætt var um mikilvægi þess að endurvekja umferðaráttak, fá límmiða, börn í aftursæti og fleira.
3. Verkefnastjóra falið að senda skólastjórnendum spurningar varðandi sturtuskyldu í unglingadeild. Umræða um viðkvæma athöfn á unglingastigi, eineltispottur.
4. Samþykkt að senda ályktun frá FFGÍR um sérfræðiþjónustu í skólunum. Rætt um fylgiskjöl og bréf frá ráðuneytinu. Ályktun samin og samþykkt.
5. Verkefnastjóra falið að senda fyrirspurn til skólastjórnenda varðandi matsal og raðir í matsal á matmálstímum. Foreldrar finnst of mikið að ung börn séu að ganga með mat um matsal. Spurning hvort annað fyrirkomulag sé betra.
6. Forfallakennsla. Foreldrar hafa miklar áhyggjur af eyðum sem myndast í stundatöflu barna og fjölda kennslustunda sem börnin fara á mis þegar kennarar forfallast. Hvernig ætlar fræðsluráð eða skólastjórnendur að standa vörð um kennslustundur sem börn eiga að fá samkvæmt lögum? Verkefnastjóra er falið að senda Umboðsmanni barna fyrirspurn um forfallakennslu og hvort löglegt sé að láta sparnað bitna á skólaskyldu barna.
7. Stuðningsfulltrúar virðast margir vera styttra í skólum nú en áður fyrr. Dæmi um að þeir yfirgefi skóla áður en skjólstæðingar hafa lokið skóladeginum. Verkefnastjóra ætlað að spyrjast fyrir um hvort þetta sé rétt og sé svo hvort þetta sé liður í hagræðingu og niðurskurði.

Fundi slitið kl. 18:15

Ingigerður Sæmundsdóttir, ritaði fundargerð

